

Reykjavík, 31. mars 2025

Vinnuhópur fararstjórnar WSJ 2023

Efni: Niðurstaða samtals, ályktun stjórnar BÍS 31. mars 2025

Í nóvember 2024 hófu fulltrúar stjórnar og fararstjórnar samtal til að ná lending um þrjú tilgreind atriði sem fulltrúar fararstjórnar töldu að stæðu út af í frágangi ferðarinnar og lokum starfsemi vinnuhópsins. Það voru eftirfarandi atriði:

1. Að fararstjórn skilaði af sér trúnaðarmálum úr ferðinni
2. Að reynsla fararstjóra nýttist í nýju verklagi við utanferðir og umgjörð fararhópa á alheimsmót skáta
3. Að fararstjórar fengju fund til þess að koma athugasemdum við bókhaldið á framfæri

Niðurstaða:

Fulltrúar stjórnar og fararstjórnar hittust á fundum dagana 18. nóvember 2024, 3. desember 2024 og 17. febrúar 2025. Niðurstaða samtalsins hefur skilað eftirfarandi niðurstöðum.

Hvíta bók fararstjórnar og þau trúnaðarmál sem hún innihélt hafa verið yfirfarin af stjórn og skráð í trúnaðarbók BÍS. Þau eru mikilvægur þáttur þegar kemur að ákvörðunartökum um hæfi einstaklinga í embætti og ábyrgð á vegum BÍS.

Vinnuhópur um bættan ramma alheimsmóta er starfandi með aðkomu fyrrum fararstjóra WSJ, stjórnar BÍS og alþjóðafulltrúa.

Fararstjórn var boðið á fund til að koma athugasemdum við bókhaldið á framfæri. Framkvæmdastjóri tók við athugasemdum fararstjórnar og fór fram gott samtal um fjármál ferðar. Þó kom í ljós ólíkur skilningur fundarmanna á efni fundarins og var því engin eiginleg niðurstaða þar sem fararstjórn óskaði eftir gögnum sem ekki eru aðgengileg framkvæmdastjóra.

Fararstjórn hefur haft sama aðgang að gögnum ferðarinnar fram að uppgjöri og aðrir vinnuhópar BÍS. Fjármálastjóri BÍS ber ábyrgð á uppgjöri allra viðburða og hefur til þess fullt traust stjórnar.

Hafi einstaklingar fyrirspurnir um ákveðin mál er tengjast liðnum viðburðum bendum við á að senda það inn skriflega sem erindi til stjórnar.

Stjórn þakkar fararstjórn góða samvinnu undanfarna mánuði við frágang ferðarinnar og þakkar fyrir mikilvæga punkta sem komið hafa fram.

*Skjal uppfært eftir athugasemdir 3. apríl 2025.

